

Loginn og kertið

Logarnir höfðu lifað í bræðsluofni glerblásarans í mánuð þegar þeir sáu kerti nálgast í skínandi fallegum kertastjaka. Þeir fundu fyrir ómótstæðilegri löngun til að komast nær því. Einn loganna fór úr sínu náttúrulega umhverfi, smeygði sér inn í glóð sem hann nærði sig á og komst í gegnum glufu við hinn endann á ofninum nálægt kertinu. Hann gleypði það af taumlausri græðgi þar til kertið hafði nánast fuðrað upp. Til að reyna að lengja líf sitt, ætlaði loginn að snúa aftur inn í brennsluofninn. En það var til einskis. Hann var dæmdur til þess að deyja og fjara út með kertinu. Hann grét sáran og iðraðist en varð á endanum að daunillum reykt og skildi við vina-loga sína langlífa og í geislandi feegurð.

Kristín Guðrún Jónsdóttir þýddi úr ítölsku og spænsku

Leonardo da Vinci (1452–1519) var einkar fjölbærur maður sem vann á mörgum sviðum. Ekkert virtist honum óviðkomandi. Hann var listmálari, myndhöggvari, stærðfræðingur, verkfræðingur, uppfinningamaður og margt fleira. Eftir da Vinci liggja ógrynni skrifa um málefni á margvíslegum sviðum með teikningum í svenefndum stílabókum. Inn á milli þessara skrifa um líffærafræði, grasafræði, stjörnufræði, kortagerð og annað, og á spássíu stílabókanna, eru stuttar sögur af ýmsu tagi, meðal annars fabúlur (dæmisögur), sögur um dýr í anda dýratala, kjarnyrði og gátur. Sagan sem hér birtist er tekin úr Codex Atlanticus, f. 188 r.